131

Frá hverjum afgreiðslustað og til hvers afgreiðslustaðar sendingin gengur	Borguð brjef	Blaðabögglar.	Óborguð brjef.	Peninga NB.brjef og pen. sendingar.	Böggulsendingar.	Verð. Kr.	a.	Þyngd talin í póstpundum
Til Hafnarfjarðar frá Kálfatjörn	3	»	»	»	»	»	»	»
— Reykjavíkur — —»—	206	1	2	3	2	35	»	3
— —»— — Hafnarfirði	46	»	2	1	»	90	»	1
— —»— — Reykjavík[1]	1	»	»	»	»	»	»	»
Með Diönu:								
— Reykjavíkur frá Seyðisfirði	170	16	2	48	18	3582	26	81
— —»— — Eskifirði	6	11	63	3	4	714	»	10
— —»— — Vopnafirði	32	»	1	3	2	152	»	26
— —»— — Húsavík .	15	»	1	»	1	»	»	1
— —»— — Akureyri .	231	18	»	13	6	1106	»	38
— —»— — Sauðárkrók	5	»	10	2	»	166	»	»
— —»— — Hólanesi .	57	»	5	5	2	100	»	5
— —»— — Isafirði .	205	»	1	16	11	4394	89	43
— —»— — Þingeyri .	70	»	»	1	»	»	»	»
— —»— — Stykkish.	61	»	18	5	»	110	»	2
— —»— úr brjefkassa Díönu	169	»	20	»	»	»	»	»
Frá útlöndum:								
— Reykjavíkur frá Danmörku, en lengra að en frá Kaupmannah.	2435	»	107	29	»	»	»	»
— Reykjavíkur — —»—	6035	»	388	184	808	46234	92	3307
— — úr brjefkassa Fönixar	737	»	61	»	»	»	»	»
— — frá Þórsh. á Fœreyjum	45	»	16	8	24	92	63	88
— Hafnarfjarðar frá Kaupm.höfn	»	»	»	7	15	6245	»	47

1) Brjef frá manni í Reykjavík til innanbœjarmanns, sem fannst í brjefkassa póststofunnar.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

Auglýsing

132
14. nóv.

um póstmál.

Samkvæmt samþykkt um sendingu póstböggla, gjörðri í Paris 3. nóvbr. 1880, er að því er Danmörku snertir, hefir verið staðfest af konungi 23. júní þ. á. og sem samkvæmt brjefi dags 29. sept. þ. á. frá yfirstjórn póst- og telegraphmálanna í Danmörku er gildandi fyrir pósthúsin í **Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi** og **Seyðisfirði**, svo og samkvæmt sjerstökum samningum er gjörðir hafa verið milli Danmerkur og Svíþjóðar og Danmerkur og Noregs, mega ofannefnd ísl. pósthús frá **1. oktbr. þ. á.** að reikna, taka við til flutnings **bögglum án tiltekinnar verðupphæðar allt að 6 pundum að þyngd** er fara eiga til **Svíþjóðar, Noregs, Þýzkalands, Austurríkis** og **Ungverjalands, Belgíu, Schweitz, Frakklands, Luxemborgar, Ítaliu, Montenegro, Rúmeníu, Serbíu, Búlgaríu** og **Egyptalands** gegn burðareyri þeim, er hjer segir:

Til Svíþjóðar og Noregs: fyrir böggla, er eigi vega meira en 3 pd.: 30 a. fyrir hvert pund eða part úr pundi; fyrir böggla, er meira vega en 3 pd.: 1 kr. 20 a. fyrir hvern böggul.

— Þýzkalands: 72 a. fyrir hvern böggul.

132
14. nóv.

Til Austurríkis og Ungverjalands	
— Schweitz	1 kr. 8 a. fyrir hvern böggul.
— Belgíu	
— Frakklands	
— Luxemborgar	1 kr. 8 a. — — —
— Ítalíu	
— Montenegro	
— Rúmeníu	1 kr. 62 a. — — —
— Serbíu	
— Búlgaríu	1 kr. 98 a. — — —
— Alexandríu	2 kr. 16 a. — — —
— annara staða í Egyptalandi	2 kr. 34 a. — — —

Það er skilyrði fyrir því, að bögglana megi senda fyrir þennan burðareyri, að þeir eigi sjeu stœrri ummáls á neinn veginn en 60 centimeter (c. 23 þumlungar); þar að auki má teningsinnihald þeirra eigi vera meira en 20 «kubikdecimeter» (c. 1116 teningsþuml.). Böggla innihaldandi eldfim efni eða yfir höfuð hluti, sem nokkur hætta getur verið búin af, má alls eigi taka til flutnings. Bögglarnir skulu vera útbúnir með nákvæmri og fullkominni utanáskript, og skal búið um þá þannig, að innihaldinu sje eigi hætt við skemmdum; bögglarnir skulu innsiglaðir með lakki eða blýinnsigli eða á einhvern annan hátt með innsigli eða merki þess, sem sendir. Það er bannað, að senda böggla með pósti, er hafa inni að halda brjef eða neins konar brjefaskriptir, eða sem innihalda muni, er með tolllögum eða öðrum lögum er bannað að flytja inn. Burðareyrir undir bögglana **gjaldist fyrirfram**, og verða þeim þar að auki að fylgja **tilvísunarbrjef og tollyfirlýsingar** samkvæmt fyrirmyndum þeim, er fást á ofannefndum pósthúsum.

Þetta skal hjer með kunngjört til leiðbeiningar öllum hlutaðeigendum.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. nóvbr. 1881.

Hilmar Finsen.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 4. nóvbr. var presturinn í Nesþingum, sira Jens V. Hjaltalín, skipaður prestur að Setbergsprestakalli í Snæfellsnessprófastsdœmi.

12. s. m. var presturinn að Auðkúlu, sira Jón Þórðarson, skipaður til að vera prófastur í Húnavatnsprófastsdœmi.

Hinn 22. s. m. var prestinum að Miklholti sira Geir Bachmann veitt lausn frá prestsembætti frá fardögum 1882 með eptirlaunum.

Hinn 24. s. m. var presturinn að Saurbœ í Eyjafirði sira Jón Austmann skipaður prestur að Stöð í Stöðvarfirði í Suðurmúlaprófatsdœmi.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Nesþing (Ingjaldshóls- Fróðár- Einarslóns og Laugarbrekkusóknir) í Snæfellsnessprófastsdœmi. Metið 798 kr. 35 a. Prestsekkja er í brauðinu, sem nýtur 1/12 af föstum tekjum þess. Auglýst 5. nóvember 1881.

Saurbœr í Eyjafjarðarprófastsdœmi (Saurbœjar- Miklagarðs- og Hólasóknir). Metið 1350 kr. 41 e. Auglýst 24. s. m.

Miklaholt í Snæfellsnessprófastsdœmi (Miklaholts- og Rauðamelssóknir). Metið 1122 kr. 67 a. Auglýst 24. s. m.

Bæði þessi braud verða veitt frá fardögum 1882 og með skuldbindingu fyrir þá presta, er þau fá, að sætta sig við breytingar þær, er síðar kunna að verða gjörðar samkvæmt lögum 27. febr. 1880.